

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna fjölgunar íbúða á M-401, Skagafirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 4. júní 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. febrúar 2024.

Í breytingunni felst að heimilað er á miðsvæði M-401 á Sauðárkróki að fjölga íbúðum um alls 4, eða úr 18 í 22. Hluti þeirra verður í raðhúsum í stað parhúsa eins og áður var heimilt. Byggingarmagn er óbreytt.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. júní 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 18. júní 2024